

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Stykkishólmsbæ.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samþykkti þann 4. júní 2020 breytingu á deiliskipulagi við hesthúsasvæðið Fákaborg.

Breytingin felur aðallega í sér að leyfð er stækkun á þegar byggðri reiðskemmu og hesthúsum og tilfærsla á lóðum og byggingarreitum til að auka rými fyrir miðjusvæði, bílastæði og aðgengi að gerðum.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 12. júní 2020.

Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 29. júní 2020